# ERLUÁS 80, HAFNARFIRÐI




# GRUNNMYND 2. HÆÐ

M= 1:50

ERLUAS_2HAED2.DWG

## Erluás 80 - Byggingarlýsing og skýringar

Húsið er staðsteypt og einangrað að innanverðu. Útveggir hússins eru byggðir úr 18 cm steinsteypu, sem er einangruð að innan með 100 mm einangrun og pússaðir , að utan eru útveggir hraunaðir og ljósmálaðir. Lagnir eru ósýnilegar, lagðar í einangrun undir gólfplötu. Einangrun undir botnplötu er 75 mm þykk, veggir sökkla eru einangraðir 50 cm niður fyrir plötu með 75 mm einangrunarplasti. Öll loft eru steinsteypt.

Gluggar eru smíðaðir úr timbri í samræmi við ÍST 40 og 41 og ísteyptir. Gler er tvöfalt K-gler eða sambærilegt.

Klæðning bílskúrslofts skal vera í flokki 1. Klæðning lofts í íbúðarhluta skal vera í flokki 2 eða meira.
Efni og vinna skal vera í samræmi við Byggingarreglugerð, viðkomandi ÍST staðla og Reglugerð um brunavarnir.

Innanmál útidyra er 90 cm. Innanmál annarra dyra er 80 cm.

Þak hússins er byggt úr timbursperrum sem hvíla á steyptri efstu plötu. Þak er borðaklætt, með pappa og klætt bárustáli. Einangrun er 200 mm steinull.

U-gildi einstakra byggingarhluta er sem hér segir:

Þak . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 0,2
Útveggir . . . . . . . . . . . . . . . . . . 0,4
Léttir veggir. . . . . . . . . . . . . . 0,3
Gluggar (karmar, gler,
vegið meðaltal K-gler . . . . . . . 2,0
Hurðir . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 3,0
Gólf á fyllingu
og að óupphituðu rými . . . . . . 0,3
Gólf að útlofti . . . . . . . . . . . . 0,2
Útveggir,
vegið meðaltal (veggfletir,
gluggar og hurðir) . . . . . . . . 0,85

LR táknar loftræsing. Geymsla er loftræst í gegnum stokk og lokað rými um loftrás, bæði sjálftrekkjandi. Önnur rými eru loftræst um glugga.

Lóðin verður að hluta girt með timburgirðingu, hæð að hámarki 1,80 m. Á lóðinni verður setlaug með læsanlegu loki og verður frágangur hennar í samræmi við Byggingarreglugerð.

Tákn:
REI60 . . . Berandi veggur og milligólf úr steypu
EI30 . . . Ekki berandi veggur úr stálgrind og gifsplötum
EI-CS30 . Eldvarnarhurð
RS . . . . Reykskynjari
ET . . . . Eldvarnarteppi
ST . . . . Slökkvitæki

▷ BO. Táknar björgunarop

▷ Táknar rýmingarleið

Byggingafulltrúi ...
Afgreitt þann
27 FEB. 2002

Breytingar:
Bætt er við svölum út af eldhúsi og svalahurð úr eldhúskrók. Einnig er skipt út svalahurð á stærri svalir og hurðin sett í stofuna í stað þess að koma í borðkrók.
Bílskúrshurð er látin vera fyrir miðjum vegg og hliðarhurð látin opnast út í stað þess að opnast inn.

| | | |
|---|---|---|
| HANNAÐ<br>H.K | JÓN BERGSSON VERKFR. VERKFRÆÐIHÖNNUN<br>DIPL. ING. 301031-3439 M.V.F.Í SMÁRAHVAMMI 4, HAFNARF. S. 555-1974 | TEIKNING NR.<br>8 |
| TEIKNAÐ<br>H.K | SAMÞYKKT<br>ERLUÁS 80 | M=1: 50 |
| YFIRFARIÐ | VERK<br>GRUNNMYND 2. HÆÐ | DAGS.<br>OKT. 2001 |